



Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápu mynd: Arna Rún Gústafsdóttir

Umbrot: Steinunn Björk Bjarkard. Pieper

© 2015 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN</b>	<b>3</b>
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b>	<b>4</b>
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Fjármál	4
Bókasafnið	4
Heimasíða	5
<b>STARFSEMIN INNANLANDS</b>	<b>6</b>
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Aðstoð og upplýsingagjöf	7
Fundir, námskeið og aðrir viðburðir	7
Önnur samstarfsverkefni	9
Framlag til funda og málstofa	10
Mannréttindafræðsla	10
Fjölmíðlar og opinber umræða	10
<b>ERLENT SAMSTARF</b>	<b>12</b>
Human Rights Education Project	12
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	12
Sameinuðu þjóðirnar	14
Evrópuráðið	14
Evrópusambandið	14
Norrænt samstarf	14
Upbyggingarsjóður EES	15
Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX	16

# INNGANGUR

## framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök fjórtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, COST verkefni ESB, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Þróunarsjóði EFTA, og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla á ýmsum vettvangi, átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti, lögfræðiráðgjöf við innflytjendur, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, uppbygging bókasafns, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar, fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2014, voru ýmis verkefni tengd hlutverki skrifstofunnar sem tengiliðar og samstarfsaðila við frjáls

félagasamtök og skipuleggjendur í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES, auk þess að flytja erindi eða taka þátt í pallborðsumræðum á ýmsum málþingum og ráðstefnum.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. um mismunun, hatusræðu og mannréttindi almennt. Skrifstofan svaraði á tímabilinu erindum frá ýmsum alþjóðlegum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og héraendis, frá sendiráði Bandaríkjanna og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu og styrkingu bókasafnsins. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Skrifstofan sinnti einnig lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt þjónustusamningi við velferðarráðuneyti. Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, sérfræðingahópi um mansal, sérfræðingahópi um framfylgd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr.1325, nefnd um stöðu málefna hinsegins fólks, nefnd um kvartanir og kærur á hendur lögreglu, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga, teymi um málefni innflytjenda og samráðshópi um mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum barna og barnafjölskyldna.

MRSÍ nýtur fjárframlags frá innanríkisráðuneyti auk þess sem skrifstofan gerði samstarfssamning til þriggja ára við utanríkisráðuneyti og þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var endurnýjaður til eins árs. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri

# AÐILDARFÉLÖG og stjórn

## Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn

Þar sem öll embætti í framkvæmdastjórn skrifstofunnar voru laus var kosið um þau á aðalfundi 2014. Sitjandi framkvæmdastjórn bauð sig fram til áframhaldandi setu og þar sem kjörnefnd hafði ekki aðrar tillögur og enginn fundarmanna bauð sig fram til setu í framkvæmdastjórn var stjórnin sjálfkjörin. Formaðurinn, Bjarni Jónsson gegnir því embætti til tveggja ára og varaformaður, Uglya Stefanía Jónsdóttir og gjaldkeri, Huguín R. Hjaltdadóttir, til eins árs. Kristín Ólafsdóttir tók sæti Önnu M. Þ. Ólafsdóttur í kjörnefnd og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir sitja þar áfram. Endurskoðandi skrifstofunnar var kjörinn Hjaltd Eiríksson hjá Deloitte. Sérfræðingar stjórnarinnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller, Hjördis Hákonardóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

### Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz

Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

### Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Guðrún Kristinsdóttir

Varafultrúi: Erna Reynisdóttir

### Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir

Varafultrúi: Toshiki Toma

### Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst Þ. Árnason

Varafultrúi: Aðalheiður Ámundadóttir

### Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Þórdís Ingadóttir

Varafultrúi: Gunnar Þór Pétursson

### Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir

Varafultrúi: Bjarni Gíslason

### Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Huguín R. Hjaltdadóttir

Varafultrúi: Tryggvi Hallgrímsson

### Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur G. Guðmundsdóttir

Varafultrúi: Anna G. Ólafsdóttir

### Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Kristján Sturluson

Varafultrúi: Hermann Ottósson

### Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Uglya Stefanía Jónsdóttir

Varafultrúi: Örn Danival Kristjánsson

### Siðmennt - Félag siðrænna húnanna:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson

Varafultrúi: Hope Knútsson

### UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Hanna Eiríksdóttir

Varafultrúi: Álfheiður Anna Pétursdóttir

### Landssamtökin Proskahjálpar:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir

Varafultrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

### Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon

Varafultrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

# FJÁRMÁL og rekstur

## Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Steinunn Björk Pieper sinnti starfi verkefnastjóra til ágústloka og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur gegndi fullu starfi við skrifstofuna. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmaradóttir, bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Á árinu 2014 voru samtals 5 starfsmenn á skrifstofunni, 1 íslenskur, 1 slóvenskur, 1 bandarískur og tveir frá Ungverjalandi. Framkvæmdastjóri og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

## Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hafa þar eigin skrifstofur, og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagsambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka á

landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfsemi, sem kvennasamtökin, þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

## Fjármál

Síðan 2008 hefur MRSÍ notið 10 milljón króna framlags frá innanríkisráðuneyti. Á árinu 2014 var gerður samningur við ráðuneytið til ársloka 2018, um 12 milljón króna árlegt framlag til skrifstofunnar. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið gildir út árið 2015, en hann hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur. Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var framlengdur til eins árs og kemur starfseminni einnig til góða. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk öðrum þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.

## Bókasafnið

Frá stofnun MRSÍ hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslufni og tímaritum um mannréttindamál, en skrifstofan er áskrifandi að Úlflióti, Tímariti lögfræðinga og Maastricht Journal of European and Comparative Law. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en leitað er til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemendum og kennurum sem og almenningi eftir efni um mannréttindamál.

Hluti bókasafnsins er skráður í Gegni sem er samskrá íslenskra bókasafna og er hægt að leita að þeim bókum á leitarsíðunum gegnir.is og leitir.is.



**Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofan er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík.**

**Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.**

Seint á árinu 2014 kom upp sú hugmynd að gefa Þjóðarbókhliðunni bókasafn skrifstofunnar, í þeim tilgangi fyrst og fremst að auka aðgengi að safninu og stuðla að aukinni notkun þess. Tillagan var samþykkt á fundi stóru stjórnar Mannréttindaskrifstofunnar þann 25. nóvember.

## Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almenningsaðupplýsingum um mannréttindamál. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla. Þ

Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmálann og vefleikinn Flóttta. Vefurinn er uppfærður eins og kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er d. verið að safnasaman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eruð aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar [www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is):

- **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna**
- **Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**
- **Bann við mismunun**
- **Mannréttindi í þrengingum**
- **Réttindi transgender fólks á Íslandi**
- **Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar**

### Ný heimasíða

Í lok febrúarmánaðar 2014 ákvað framkvæmdastjórn MRSÍ að uppfæra vefsíðu skrifstofunnar. Leitað var eftir tilboðum og var tilboði Stefnu hugbúnaðarhúss tekið.

Í september, eftir mikla vinnu starfsfólks skrifstofunnar, var nýja vefsíðan sett í loftið. Slóðin er enn sú sama, [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is) og [www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is). Vefsíðan er nú öll mun aðgengilegri en áður, ásamt því að ákveðið var að nota myndir úr útgáfu skrifstofunnar um mannréttindayfirlýsingu. S.þ. á síðunni sem gefur henni afar fallegt yfirbragð.

Vefsíðan er að meginstefnu á íslensku en þó er mikið efni einnig aðgengilegt á ensku síðunni. Stefnt er að því að hafa upplýsingar um skrifstofuna og lögfræðiráðgjöfina á fleiri tungumálum, s.s. pólsku, spænsku og rússnesku, og mun það koma inn eins fljótt og auðið er.



### Samningur við velferðarráðuneyti

**Velferðarráðherra Eygló Harðardóttir og framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, Margrét Steinarsdóttir, við undirritun samnings við velferðarráðuneytið.**

# STARFSEMIN

## innanlands

### Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarptil breytingu á lögum um útlendinga, 143. löggjafarþing 2013 -2014, þingskjal nr. 457–249. mál
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu viðbótar bókunar við samninginn um tölvubrot þar sem verknaðir, sem lýsa kynþátta-og útlendingahatri og framdir eru með því að hagnýta tölvukerfi, eru gerðir refsinaemir, 143. löggjafarþing 2013 -2014, þingskjal nr. 325–228. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild, 143. löggjafarþing 2013 -2014, þingskjal nr. 630–335. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald og lögum um tekjuskatt, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 2 -2. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 14 -14. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 295 –257. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 233 –207. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (flóttamenn), 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 271–242. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra, 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal nr. 52–52. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaráætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 39. -39. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatryggingar, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 578. -402. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar(aldurstengd örorkuuppbot), 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 35. -35. mál
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 551. -397. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (verkfallsréttur lögreglumanna), 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 500. -372. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (afnám fangelsisrefsinga fyrir tjáningu skoðana), 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 544. -395. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanfirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT), 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 207. -186. mál.





#### Samstarfssamningur við innanríkisráðuneytið

Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar MRSÍ ásamt Hönnu Birrnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Maríu Rún Bjarnadóttur, lögfræðingi mannréttindamála í ráðuneytinu, við undirritun samstarfssamnings við innanríkisráðuneytið.

## Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastjóri var á árinu 2014 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna Velferðarvaktina, nefnd um stöðu hinsegin fólks, nefnd um meðferð kæra og kvartana á hendur lögreglu, sérfræðingahóp um mansal, sérfræðingahóp um framfylgd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, valnefnd um formann kærunefndar útlendingamála, teymi um málefni innflytjenda og vinnuhóp um endurskoðun búsetuskerðinga. Mannréttindaskrifstofan átti einnig á árinu fulltrúa í starfshópi um fordóma gagnvart fólki með geðraskanir.

## Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.

## Fundir, námskeið og aðrir viðburðir

### Málþing um margbreytileika samfélagsins

Haldin voru tvö málþing um margbreytileika samfélagsins á vegum MRSÍ, Jafnréttisstofu og Fjölmenningsseturs. Fyrri málþingið var þann 30. janúar og voru erindi frá fulltrúum allra samtakanna flutt gegnum fjarfundarbúnað. Erindin fjölluðu meðal annars um mismununartilskipanir ESB og margþætta mismunun, rannsóknir Jafnréttisstofu á mismunun á vinnumarkaði, og rannsókn Fjölmenningsseturs á uppruna og margþættri mismunun.

Síðara málþingið var haldið þann 20. febrúar en þar voru kynntar niðurstöður rannsókna.

### Spegill, spegill herm þú mér – ímynd fatlaðs fólks og öryrkja í fjölmiðlum

Framkvæmdastjóri MRSÍ tók þátt í hádegisumræðufundi Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) með fjölmiðlafólki þann 19. febrúar 2014. Rætt var um vitundarvakningu í mannréttindum fatlaðs fólks, nýja sýn, orðræðu og birtingarmyndir í fjölmiðlum sem gjarnan spegla samfélagið.

### Málþing um réttlæti, Glerárkirkju

Framkvæmdastjóri MRSÍ flutti erindi um mannréttindi og réttlæti á málþingi um réttlæti á vegum Glerárkirkju þann 5. mars. Málþingið var eitt af nokkrum sem Glerárkirkja stóð fyrir um málefnið með það að markmiði að skapa vettvang fyrir opna umræðu um málefni sem snerta kirkju og samfélag, mannréttindi, fátækt og misskiptingu auðs, jafnrétti og jafnræði, einstaklingshyggju og samfélagslega ábyrgð.

### Baráttufundur 8. mars í tilefni af Alþjóðadegi kvenna

Mannréttindaskrifstofa Íslands stóð að baráttufundi í löð í tilefni dagsins ásamt fjölda félagasamtaka. Flutt voru sex erindi sem tengdust konum og stúlkum, og Reykjavíkurdætur skemmtu.

### Málþing um jafnrétti til náms

Af tilefni landsþings Landssambands íslenskra stúdenta stóð sambandið fyrir málþingi um jafnrétti til náms þann 14. mars í Háskólanum á Bifröst. Framkvæmdastjóri var með erindi og tók þátt í pallborðsumræðum á þinginu.

### Málþing um stöðu innflytjenda hjá sveitarfélögum

Í nóvember hélt Samband íslenskra sveitarfélaga málþing í Reykjanesbæ um stöðu innflytjenda hjá sveitarfélögum. Framkvæmdastjóri hélt erindi um lagaumhverfi innflytjenda og þau erindi sem algengust eru hjá lögfræðiráðgjöfinni.

### Ráðstefna ÖBÍ: Mannréttindi fyrir alla

Ráðstefnan var haldin í nóvember og hélt framkvæmdastjóri erindi ásamt Evu Þórdísi Ebenezerdóttur um áhrif samnings S.þ. um réttindi fatlaðs fólks í daglegu lífi þess.


### Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Eins og síðustu ár hélt MRSÍ utan um vitundarvakningu í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, í samstarfi við félagasamtök víðsvegar um land, en þeirra á meðal voru Skátarnir, KFUM/K, deildir innan Rauða krossins á Íslandi, Félag Horizon og nemendur úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti hverfist um alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti, 21. mars, og miðar að því að uppræta þröngsýni, fordóma og þjóðernishyggju í Evrópu. Þemað árið 2014 var Við erum öll hluti af sömu heild

Hönnuður myndar/logo verkefnisins var Heiðrún Tinna Haraldsdóttir. Markmið verkefnisins var nú sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamisrétti, hvernig megi sporna við því, og hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamisréttis.

Auk þess að fræðast um kynþáttamisrétti hittust ungmennin í sínum félögum og skrifuðu persónuleg skilaboð á kort sem send voru til handahófsvalinna borgara. Þar með stóðu vonir til að vekja aðra til umhugsunar um kynþáttamisrétti og fá fleiri liðsmenn í baráttunni gegn því.



VIÐ ERUM ÖLL  
HLUTI AF  
SÖMU HEILD

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi má rekja aftur til ársins 1991. Tímabil átakansins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, var valið til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átakansins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Í ár, líkt og áður, hélt skrifstofan utan um átakið og tók einnig þátt í skipulagningu og framkvæmd þess.

Ýmsir viðburðir víðs vegar um land voru skipulagðir, þar á meðal dagleg greinaskrif, friðarkaffi, ljósagöngur, tónleikar og kvikmyndasýningar. Þema íslenska átakansins árið 2014 var: „Heimilisfriður – heimsfriður; Drögum úr hernaðarhyggju og bindum enda á ofbeldi gegn konum“.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og upplýsingar um átak síðustu ára má finna á heimasíðu okkar: <http://www.humanrights.is/is/servefir/alhjudlegt-16-daga-atak-gegn-kynbundnu-ofbeldi> og á facebook síðu átakansins <https://www.facebook.com/16dagar>



### Bíókvöld í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi

Meðal annarra dagskráliða 16 daga átakansins var Bíókvöld í Hinu Húsinu þann 27. nóvember þar sem kvikmyndin War Redefined, úr seríunni Women: War & Peace, var sýnd. Myndin segir frá stöðu kvenna á átakasvæðum, kynbundið ofbeldi í stríðum og hvernig konur hafa áhrif á stríð og frið víðs vegar um heiminn. Bíókvöldið var sameiginlegt verkefni MRSÍ, ungliðahreyfingar Amnesty International og UN Women á Íslandi, Sambands íslenskra framhaldsskólanema, Félags ungra jafnréttissinna og fleiri aðila.

### Önnur samstarfsverkefni

#### Samstarfshópur varðandi réttarstöðu örorkulífeyrisþega sem búið hafa erlendis um endurhæfingarlífeyri o.fl.

MRSÍ, Öryrkjabandalags Íslands, réttindagæslumaður fatlaðra í Reykjavík og Seltjarnarnesi, Halló Norðurlönd og Samband íslenskra sveitarfélaga skipa starfshóp um búsetuskerðingar. Örorkugreiðslur almannatrygginga eru skertar vegna búsetu erlendis á einhverju tímabili starfsævinnar og einnig geta einstaklingar, sem búsettir hafa verið erlendis, lent í þeirri stöðu að fá eingöngu skertan endurhæfingarlífeyri á Íslandi og engar greiðslur erlendis frá þar sem endurhæfingarlífeyrir er ekki greiddur úr landi. Hlutverk samstarfshópsins er að leita úrbóta og vekja athygli á stöðu þessara einstaklinga.



## Framlag til funda og málstofa

**Málþing samráðsvettvangs trúfélaga – „Trú, skoðunarfrelsi og mannréttindi“**

Framkvæmdastjóri MRSÍ var fundarstjóri á málþingi samráðsvettvangs trúfélaga í byrjun árs 2014, þar sem sérfræðingar héldu erindi um trúarhefðir og mannréttindi, meðal annars út frá því hversu langt trúfrelsi nær, hvernig unnt er að viðhalda jafnvægi á milli trúariðkunar og mannréttinda og hvaða úrræði séu fyrir hendi ef árekstrar eiga sér stað.

### Málstofa um Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Í nóvember sá framkvæmdastjóri um fundarstjórn á málstofu sem Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum hélt um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar hún yfirskriftina: „Að hún sé till- Reynslan af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar gerðu Guðbjörg Lilja Hjartardóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir grein fyrir niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir stjórnendur hjá Reykjavíkurborg og fjölluðu jafnframt um hvort og hvernig slík stefna geti verið tæki til breytinga.

### Málstofa; „... að ég væri frekar breskt pund en afrísk stúlka“: (Ó)frelsið til að setjast að á Íslandi.

Í nóvember sá framkvæmdastjóri um fundarstjórn á málstofu á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Þar flutti Halla Gunnarsdóttir erindi um þróun regluverks um aðgengi útlendinga frá löndum utan EES að Íslandi út frá kenningum um félagslegt réttlæti. Beindi Halla einkum sjónum að lögum um dvalarleyfi, atvinnuleyfi og búsetuleyfi og greindi hvaða skilaboð löggjöfin gefur um



um hverjir megji setjast að á Íslandi, í samhengi við kyn, stétt og stöðu. Fjallaði hún og um þá stefnu að veita „mannúðlegar“ undanþágur frá lögum um útlandinga, þar á meðal í tengslum við veitingu ríkisborgararéttar frá Alþingi.

## Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan var m.a. með fræðslu um mismunun, mansal og mannréttindi fyrir ýmsa hópa, eins og t.d. ýmsa vinnustaði og stofnanir, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Félag eldri borgara, félagsráðgjafarnema o.fl.

Auk þessavoru haldinnámskeiðum mismununar tilskipanir ESB og lagaumhverfið á Íslandi, fyrir ýmis félagsamtök og stofnanir. Mismununarnámskeiðin voru styrkt af PROGRESS áætlun ESB.

## Fjölmiðlar og opinber umræða

Talsvert var um að fjölmiðlar hefðu samband við Mannréttindaskrifstofuna á árinu 2014. Voru erindin margvísleg en lutu oftast að atvikum eða álitafnum sem til umræðu voru hverju sinni, eins og mansali, málefnum innflytjenda, hatursræðu, trúarbrögðum, þá einkum islam o.fl.



## SAMEINUMST Í FJÖLBREYTNINNI

BYGGJUM SAMFÉLAG JAFNRÉTTIS þar sem allir eiga sömu tækifæri óháð kynferði, trú, fötlun, aldri, skoðunum, uppruna, kyngervi, kynþætti, litarhætti, efnahag eða kynhneigð.


EVRÓPUVIKA GEGN KYNÞÁTTAMISRÉTTI 2014

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
WWW.MANNRETTIND.IS

SKILBOÐIÐ ER HAFNAÐ TIL VÍSINGAR

Kæri viðtakandi.

21. mars er alþjóðlegur dagur gegn kynþáttamísrétti og af því tilefni er staðið að árlegri vitundarvakningu í Evrópu. Íslensk ungmenni um allt land hafa tekið þátt síðustu árin, fengið fræðslu og unnið verkefni með það að markmiði að vekja þau til umhugsunar um kynþáttamísrétti. Póstkort þetta er liður í verkefninu í ár, en ungmennin skrifuðu persónuleg skilaboð á 1000 kort og sendu til handahófsvalinna Íslendinga. Með því vonast þau til að vekja aðra til umhugsunar um kynþáttamísrétti og fá fleiri liðsmenn í baráttunni gegn því.



### Evrópuvika gegn kynþáttamísrétti

**Mannréttindaskrifstofan hélt utan um vitundarvakninguna sem var haldin undir þemanu Við erum öll hluti af sömu heild. Ungmenni úr félagasamtökum skrifuðu persónuleg skilaboð á kort sem send voru til handahófsvalinna í kringum landið, en þetta var liður í því að vekja aðra til umhugsunar um kynþáttamísrétti.**

# ERLENT samstarf

Mannréttindaskrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan að auki meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er auk þess fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

## Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr Human Rights Education Project. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

## The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastjóri MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunarinnar.

Eftirfarandi 50 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi

Mannréttindaskrifstofa Íslands er m..a. meðlimur á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnenda UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum þeirra samtaka.



15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi
16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal Studies Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, Univeristy of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre, University of Ottawa, Kanada



**AHRI**

## Sameinuðu þjóðirnar

### Heimsókn sjálfstæðs sérfræðings S.þ. um erlendar skuldir og mannréttindi (UN Special Rapporteur on Foreign Debt and Human Rights)

Dagana 8.-15. desember heimsótti Juan Pablo Bohoslavsky, sjálfstæður sérfræðingur S.þ. um erlendar skuldir og mannréttindi, Ísland. Hafði hann samband við Mannréttindaskrifstofu sem fundaði með honum ásamt því að skipuleggja fund með frjálsum félagasamtökum þar sem þau gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Var fundurinn haldinn í húsnæði Stígamóta þann 9. desember.

### Stöðuskýrsla UPR Info um UPR ferlið gagnvart Íslandi

Reglubundið eftirlit Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamál í hverju landi (Universal Periodic Review - UPR) fer fram á fjögurra ára fresti. Til þess að auka eftirfylgni hefur mannréttindaráð S.þ. því útfært ákveðið ferli (UPR Info) til að meta ástand mannréttinda tveimur árum eftir að ríki er tekið fyrir í UPR eftirlitinu. Ríkið, frjáls félagasamtök, og innlendar mannréttindastofnanir (National Human Rights Institutions - NHRI), þar sem þær eru til staðar, geta sent inn skýrslur um framkvæmd ríkisins (eða framkvæmdaleyssi) er snerta þau tilmæli sem komu fram á fyrirtökunni fyrir mannréttindaráðinu. Mannréttindaskrifstofa tók þátt í þessari stöðuskýrslu árið 2014 með því að senda athugasemdir til UPR Info.

Á þessari slóð má hlaða niður og lesa skýrsluna, sem gefin var út í ágúst 2014:

<http://www.upr-info.org/followup/assessments/session26/iceland/MIA-Iceland.pdf>

## Evrópuráðið

### Upplýsingafundur með einum af skýrslugjöfum Evrópuráðsins um jafnrétti kynjanna

Þann 5. júní kom skýrslugjafi um jafnrétti kynjanna (Gender Equality Rapporteur) frá Evrópuráðinu á fund með framkvæmdastjóra. Var tilgangurinn að fá innlegg og sjónarhorn MRSÍ á stöðuna í jafnréttismálum á Íslandi eftir hrún.

## Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-Discrimination and Diversity Training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenskri löggjöf gegn mismunun.

## Norrænt samstarf

### Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök





áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. Mannréttindaskrifstofa er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.

### Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflökkum. Síðasti fundur var haldinn í lok apríl 2014 hjá Raoul Wallenberg stofnuninni í Lundi, Svíþjóð. Á fundinum voru fulltrúar mannréttindastofnana og umboðsmenn frá öllum Norðurlöndunum, en efni fundarsins var Parísarreglur S.þ. Jafnframt var rætt hvort Norðurlöndin væru að dragast aftur úr og hvort að breytinga væri þörf á hinu norræna módeli.

### Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES (áður Prúnarsjóður EFTA) var stofnaður af EFTA ríkjunum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðunum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af styrkveitanda ríkjunum þremur.

Mannréttindaskrifstofan heldur utan um þá hlið verkefnisins er snýr að frjálsum félagasamtökum á Íslandi

og í styrkþegaríkjunum. Á árinu var starfsfólki skrifstofunnar boðið á tengslamyndunarfundi og ráðstefnur í 5 löndum - Grikklandi, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, og Tékklandi - á vegum Uppbyggingarsjóðsins. Þar flutti starfsfólk erindi um starfsemi skrifstofunnar annars vegar og starfsemi frjálsra félagasamtaka á Íslandi hins vegar.

#### Aþena 21.-22. janúar 2014

Auk fulltrúa MRSÍ sóttu fulltrúar ÖBÍ og Attac á Íslandi fundinn.

#### Vilnius 11. - 13. febrúar 2014

Pangað komu, auk fulltrúa MRSÍ, aðilar frá Kvænnaathvarfinu, Kvænnaáðgjöfinni, HIV-Ísland, Geðhjálp, Ás styrktarfélagi og Aflinu.

Búkarest 6.-8. maí 2014. Launch og bilateral fundur.

Auk fulltrúa MRSÍ sóttu fulltrúar Intercultural Iceland og Miðstöðvar slysavarna barna fundinn.

#### Prag 23.-25. september 2014

Fulltrúi MRSÍ flutti erindi um starfsemi frjálsra félagasamtaka á Íslandi og reynsluna af umsóknarferlinu, kröfum og skriffinnsku.

#### Riga 10.-12. desember 2014

Fulltrúi MRSÍ sótti fundinn ásamt fulltrúum Blátt áfram og WOMEN.



Á tengslamyndunarfundunum var rætt um samstarf við fjölmörg samtök. Meðal annars hefur MRSÍ samþykkt að taka þátt í verkefnum sem sum hver eru farin af stað, en enn er óljóst um hvort styrkir fáiast í önnur.

Einnig hefur skrifstofan skipulagt heimsóknir hópa Einnig hefur skrifstofan skipulagt heimsóknir hópa og einstaklinga frá frjálsum félagasamtökum í styrkþegaríkjunum á skrifstofuna og til annarra félagasamtaka á Íslandi til að fræðast um íslenskar aðstæður og störf félagasamtaka. Oftast er haft samband fyrst við skrifstofuna og starfsfólk aðstoðar þá við að koma á fundum milli áhugasamra aðila.

#### Samstarfsverkefni styrkt af uppbyggingarsjóði EES

MRSÍ er samstarfsaðili félagasamtakanna League of Human Rights í Tékklandi. Verkefnið lýtur að uppbyggingu þekkingarvefs um skóla án aðgreiningar og kennsluáferða sem miða að því að bjóða Róma börn velkomin í almennt skólakerfi í Tékklandi. Fjórða hverju Róma barni er neitað um jafnan aðgang að menntun í Tékklandi. Verkefnið miðar að því að snúa þessari neikvæðu þróun við með því að fjölga kerfisbundið almennum skólum sem eru í stakk búnir að taka við nemendum af Róma uppruna.

Reynt verður að ná þessum markmiðum með því að (1) byggja upp samstarfsvettvang fyrir skóla og þróa samvinnu þeirra á milli, (2) bæta kennsluáferðir og aðferðarfræði kennara, skjólastjórnenda sem og menntavísindasviða til þess að auka jafnrétti nemenda, (3) stuðla að beinni aðlögun Róma barna inn í skólakerfið.

Mannréttindaskrifstofan er einnig samstarfsaðili Human Rights Monitoring Institute í Litháen. Verkefnið felst m.a. í heimsókn til Íslands auk þess sem fulltrúi MRSÍ mun lesa yfir og skrifa formála að Human Rights Overview 2013-2014, sem gerir grein fyrir stöðu mannréttindamála í Litháen á þessu árabili. Loks verður haldin ráðstefna um mannréttindi í litháenska þinginu sem fulltrúi skrifstofunnar tekur þátt í.

## Landamærastofnun Evrópu - FRONTEx

### Óháð eftirlit með framkvæmd Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávisun hælisleitenda frá Íslandi

Í janúar tók MRSÍ að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila (Human Rights Monitor) við brottvísun hælisleitenda frá Albaníu sem sendir voru frá Frakklandi. Skrifstofan hafði áður lagt til starfsmann í hlutverk óháðs eftirlitsaðila nokkrum sinnum á árinu á undan, að beiðni Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra og FRONTEx, landamærastofnun Evrópu.

